

Almennar frjettir.

Svo virðist sem allsherjar verkfall járnbrauta starfsmanna í Bandaríkjunum og Canada sé nú ef til vill í aðsigi. Ef þú því verður munu um 450,000 járnbrauta verkamenn af öllu tagi taka þátt í því syðra og um 35,000 verkamenn hér. Atkvæðagreiðsla um hvort hrinda skuli verkfalli þessu af stokkum verður hafin innan skamms og úrslitin kunn í lok þessa mánaðar. Nú ríkjandi dýrtíð er aðal-orsökin. Samband járnbrauta verkamanna syðra hefir tilkynnt, að ef dýrtíðinni verði ekki hnekt svo um muni séu járnbrauta starfsmenn tilneyddir að krefjast hærri starfslæna. — Verkfallshóttun þessi á vafalaust stóran þátt í að nú er tekið að hefjast handa beggja megin "linunnar" með því augnamiði að unt verði að draga úr þeirri miklu dýrtíð, sem nú ríkir. Sagt er að Wilson forseti leggja sig nú allan eftir að finna úrlausn á þessu umfangsmikla vandamáli. Öllum ráðstefnum, viðkomandi alþjóðabandalaginu og öðru, verður frestað unz forsetinn kemst að einhverri niðurstöðu hvað dýrtíðina snertir. Hér í Canada eru einnig ráðstafanir í aðsigi með því markmiði að hnekkja dýrtíðinni og sem vonandi eiga eftir að bera einhvern árangur.

Sambandsþingið verður sett aftur 5. sept. næstkomandi, að tilkynnt hefir verið nýlega. Aðalverkefnið, sem þá liggur fyrir þinginu, verður staðfesting friðarsamninganna fyrir Canada hönd og mun staðfesting sú að líkindum fást án nokkurrar mótsþyrnu. Yms önnur áriðandi mál verða einnig tekin til umræðu, þar á meðal vinnbannmálið.

Nýkominn frétt segir kornverzlunarráð sambandsstjórnarinnar, er skýrt er frá á öðrum stað í blaðinu, sé nú myndad og að James Stewart hefir verið skipaður formaður þess. Var hann áður formaður kornkaupnefndarinnar (grain purchasing commission) og þótti gegna stöðu þeirri með dugnaði og fyrirhyggju. Kornverzlunarráðið samanstendur af 10 eða 12 meðlimum, en að svo komnu hafa nöfn þeirra ekki verið tilkynnt.

Dr. S. F. Tolmie, þingmaður frá Victoria B. C., hefir verið skipaður landbúnaðarráðgjafi. Sambandsstjórnarinnar í stað T. A. Cramer, sem fyrir nokkru síðan sagði af sér. — En í stað F. B. Carvell, ráðgjafa opinberra verka, hefir verið settur Sir Henry Drayton, fyrverandi formaður járnbrautaneftdarinnar. Þessar breytingar í stjórnarráðuneytinu hafa tvær aukakosningar í för með sér. Þingsæti verður að fást fyrir Sir Henry og Dr. Tolmie að vera endurkosinn.

Róstur miklar voru nýlega í Chicago á milli hvíttra manna og svartra. Um tíma voru róstar þær svo skæðar, að lögreglu borgarinnar reyndist ofurefili að skakka leikinn, og varð að senda eftir herliði heppi til hjálpar. Einn daginn voru 14 hvítir menn drepnir í götubardögum og 10 svartir, — en skýrsla yfir mann drápin í alt hefir ekki verið birt að svo komnu. Síðustu fréttir segja þessar mannsödu róstar algerlega bældar niður og að öll spor

séu stigin í þá átt að þær nái eigi að eiga sér stað í annað sinn.

Samkvæmt síðustu skýrslum hafa uppskeruhorfur hér í Manitoba sumstaðar breytt til batnaðar upp á síðkastið, en í öðrum stöðum aftur til verra. All-núkið tjón hefir víða hlotist af ryði, eins hafa hinir afskaplega miklu hitardagana frá 17.—25. júlí haft illar afleiðingar. Hveitislátnu er nú alment byrjaður um fylkið og hefjir ekki áður byrjað svo snemma síðan árið 1905. — Uppskeruhorfur í Saskatchewan fylki eru mestmegnis þær sömu og áður hvað hveiti snertir; en hafnar og aðrar grófgerðar korntegundir hafa tekið miklum bótum við reyn þáð, sem fengist hefir í seinni tíð. Hveituppkeran í suðvestur hluta fylkisins er sögð að verða frá 3 til 8 bushels af ekrinni en í norðaustur hluta þess ögn skárr, frá 10 til 12 bushel af ekrinni. Ryð hefir víða náð að gera töluverðan skaða, sérstaklega að norðan og austan verðu í fylkinu. — Skýrslur frá Alberta segja útlitið í suður hluta fylkisins nú að mun betra sökum nægilegs regns er fengist hafi þar í seinni tíð. Að visu hefir regnið komið um seinan fyrir hveiti, en hefir þó stórum bættandi áhrif á grasvöxt og alla fóðurframlæðslu.

Róstur á Englandi.

Lögregluþjónar í Lundúnaborg gerðu nýlega verkfall sökum óánægju yfir lagafrumvarpi þeim viðkomandi, er lagt hefir verið fyrir brezkka þingið. Ekki tóku allir lögregluþjónar borgarinnar þátt í verkfallinu, og eru fréttnir að svo komnu ósamhljóða hve margir þeirra hafi hætt starfi. Verkfallið nær til annara borga og Liverpool hafa átt sér stað töluverðar róstar og uppþot. Varð að senda þar eftir herliði til að skakka leikinn. Ökumenn og sporvagnþjónar hafa þar hrint af stað samhyggðarverkfalli með lögregluðinu, og það án þess nokkur fyrirvari væri gefinn. — Síðan verkfall lögregluþjónanna byrjaði hafa einnig átt sér stað all-mikill uppþot í Lundúnum. Rán hafa þar verið framin í stórum stíl og virðist sem útlitið sé þar hið í-skyggilegasta.

Eftirtektarverð spá.

A alþjóða þingi jafnaðarmanna sem nú stendur yfir í Lucerne, hélt Arthur Henderson, leiðtogi verkamanna í Englandi, nýlega ræðu, að vakið hefir all-mikla eftirtekt. Meðal annars spáði hann því, að áður næsti vetur gengi í garð myndi "skelfileg reið og órönding" svo grípa allar Evrópuþjóðir, að ef til vill hefði þetta niðurhryn og eyðilegging allrar menningar í för með sér. Viðkomandi friðarsamningunum við Þýzka-land lét hann í ljós þá skoðun, að helztu vatnið þeirra þyrftu sem trúðast að takast til ítarlegrar yfirvegunar. Næsti ræðumaður á undan Henderson var Otto Wella, leiðtogi Þýzka jafnaðarmanna. Um alþjóðabandalgið hafði hann það að segja, að án Þýzkalanda

væri það "eintómur gamanleikur". Kvað hann Þýzka verkamenn vænta þess, að jafnaðarmannaflokkar þjóðanna fái skap- að virkilegt alþjóðasamband.

Íslendingadagurinn.

Íslendingadags hátíðin hér í Winnipeg var, eins og til stóð, haldin á Þriðjudaginn þann 5. þ. m. í River Park lystigarðinum. Var hátíðin sött með lang-lélegasta móti í þetta sinn, sem mestmegnis mun hafa orsakast af hve dagur þessi var óhentugur. Næstu þrír dagar á undan höfðu allir verið helgidagar, og þar af leiðandi ókleyft fyrir marga að fá sig lausa frá vinnu.

Veður var hið ákjósanlegasta fyrri hluta dagsins. En eftir hádegis, að nýbyrjuðum ræðuhöldum, skall á regnskúr og spilti það eigi svo lítið aðal-skemtnun dagsins. Til allrar hamingju steytti þó upp áður langt um leið nægilega lengi til þess að hægt væri að ljúka við ræðuhöldin og engir þyrftu hvað þetta snerti að verða fyrir vonbrigðum. En þau fagnaðarspjöll hafði óveðrið í för með sér, að tafla sú, sem herra Charles Thorson ætlaði að sýna á "nýngunar" í dráttlist, brotnaði, og þar með skotið loku fyrir þá skemtnun dagsins, sem mörgum hefir vafalaust leikið hin mesta forvitni að sjá.

Forseti dagsins var J. J. Vopni. Af ræðumönnum tók fyrstur til máls Gunnar Björnsson, eigandi og ritstjóri blaðsins Minneca Ma-scot, og mælti hann fyrir minni Íslands. Var ræða hans vel og skörulega flutt. Þurfa þeir, sem hana heyrðu, ekki að ganga í skugga um að herra Björnsson kunnir Íslenzku, þó hann riti mest á ensku. Verður ræða hans birt í blöðunum og gefst mönnum þá kostur á að dæma um gildi hennar. Næsti ræðumaður var Sigtryggur Jónsson, er mælti fyrir minni Canada. Á meðan á ræðu hans stóð vildi það ólán til, að regnið skall á og sem hafði þær afleiðingar að lítið sem ekkert heyrðist til hans. Verður vonandi úr því bætt með því að ræða hans sé birt í blöðunum.

Þriðji-ræðumaðurinn var séra Kristinn Ólafsson frá Mountain, er mælti fyrir minni Vestur-Íslendinga. Talaði hann blaðalaust og flutti ræðu sína vel og áheyrilega. — Má með sannri segja að hann hafi crðið til þess að hasta á storminn, því ókyrð þeirri og hávaða er óveðrið orsakaði á meðal fólksins, linti eftir að hann hafði talað í nokkrar mínútur. — Síðastur ræðumaðurinn var séra Rögnvaldur Pétursson, sem talaði um "þjóðrækni" og var ræða hans bæði vel flutt og efnsmikil. Verður hún birt í næsta blaði.

Að ræðunum loknum tilkynnti Jón Runólfsson skáld, einn af dómendum þeim, er tilnefndir, voru að dæma í "hringendu samkeppni", hvaða vísa hefði orðið hlutskörpust og hver verðlaunin hefði hrept. Var það Stefán O. Eiríksson frá Oak View, Man. Verðlaunavísan, ásamt öðrum vísunum, er sendar voru, verður birt í næsta blaði.

Næsta blað birtir einnig nöfn þeirra, sem verðlaun unnu í hinum ýmsu íþróttum.

Íslendingar í guðatölu.

Eins og vikið er lauslega að í "Ferðaminninum" mínum (bla. 62—63), kynntist eg í Dresden manni nokkrum, Jacobsen að nafni, norskum að þjóðerni. Hann var dýrafæðingur. Hafði hann farið víða um lönd og höf til að kynna lífnaðarhátum dýra og viltra manna og safna náttúrugripum og menningarmenjum frumþjóða. Meðal annars hafði hann ferðast mjög um nyrsta hluta Norður-Ameríku, kynnt sér dýralíf þar og dvalið langdvölum meðal Eskimóa og Indíána, þeirra er þar hafast við. Þegar eg kynntist þessum manni, var hann umsjónarmaður dýragarðsins í Dresden. Seinna skrifaði eg honum. Var hann þá í þann veginn að láta af starfi sínu við þenna dýragarð, en taka við yfirumsjón dýragarðsins í Hamborg, sem er einn af frægustu og fjölskrúðugustu dýragarðum heimsins. Bréfið, sem eg fékk frá honum, er nú glatað, eg-místi það ásamt öðru, í húsburna 22. jan. 1910. En það hafði heldur ekkert annað að geyma en staðfestingu á sögu þeirri, er hann sagði mér í Dresden, og engu við hana að bæta.

Sagan er á þá leið, að þegar Jacobsen var á ferð um norðurhluta Norður-Ameríku, rakst hann þar á Indíánakynstofn, sem hélt sig norðarlega í fjall-lendi einu í ríkinu British Columbia í Norðvest-Canada, ekki all-langt frá Kyrrahafsströndinni, og dvaldist með honum um hríð. Kynstofn þessi var áður sáralítið eða alls ekki kunnur, og algeng ósnortinn af menningu hvíttra manna. Það voru friðsamir menn, spakir og skýrir, og mundu sögu kynstofnsins óralangt aftur í tímann. Sögðu þeir Jacobsen það, sem nú skal greina.

Eitt sinn hafði kynstofninn búið austur við haf, austan við "vötnin miklu". Það var löngu, löngu áður en nokkrir hvítir menn komu til Ameríku. Síðan höfðu þeir smá þokast vestur á við undan ófriði bæði hvíttra manna og rauðra, og loks numið staðar þar sem þeir voru nú.

En meðan þeir bjuggu austur við haf og löngu áður en þeir fluttu þaðan, bar það við eitt sinn, að skip kom af hafi, skipað hvítum mönnum. Gengu þeir á land upp, áttu orustur við landsmenn og unnu sigur á þeim. Einkum var einn maður meðal þeirra, sem gekk svo fram að ekkert stóð fyrir honum. Eftir bardagann tókust sættir með þeim, og tóku þá Indíánar þenna hinn mikla mann fyrir konung sinn og landvarnarmann. Gekk hann að eiga stúlu af þeirra kyni, og varð stjórn hans þeim blessunarrik í öllu. Meðal annars, sem hann kandi þeim, var hag-leikur á tré og tréskurður (mynda-skurður í tré), og var hann þeim ekki enn með öllu gleymdur.

Að konungi þessum látnum ríktu niðjar hans yfir þessum Indíánakynstofni í marga liðu, og var það gullöld kynstofnsins. En svo komu gæfuhvörfin. Kynstofninn var hrakinn frá löndum sínum og óðblum inn í ómildari héruð, og átti lengi í vök að verjast. Mintust þeir þá hins góða, hvíta konungs, og gerðu hann að guði sínum, og sonu hans sömu-leiðis. Eimdi enn eftir af þessari dýrkun hjá kynstofninum.

Þannig sagðist Jacobsen frá. Enginn efi er nú á því — og Jacobsen var heldur ekki í vafa um (Fræmh. á 4. bla.)

MINNI

flutt á Íslendingadeginum í Winnipeg 5. ágúst 1919.

MINNI ISLANDS.

I.
Svipfagra ey, með silungsvötnin bláu,
sólröðin fjöll og hráunin beru, gráu —
Sældanna land, með blóm á hverjum bala,
blikandi ár og túnin upp til dala.
Engjar og móa, holt og græna hola
— himni þar brosa sóley, smári og fjöla.

Svanhvíta ey, með firði bjarta, breiða,
brekkur og gil og jökla skæra, heiða.
— Dynjandi fossinn lofar þig í ljóði;
— ljúflega syngur hamra-búinn góði. —
Miðnætur sólin gyllir tinda, tanga,
tignroða slær á blómgan hliðar vanga.

II.

Þannig, móðir, aldrir ár
ýmist gegn um bros og tár
ertu söm og eins og forðum fögur
þegar undu' í sinni sveit
sælir menn á hverjum reit —
allra fyrst er Íslands höfust sögur.

Einnig þegar örlög köld
ögnuðu þér þúsund föld;
varstu ástríkur móðir mitt í harmi.
Jafnvel þegar sárast sveið
sorgin þér á dapri leið,
hjúfrað gæztu börn þín ljúft að barmi.

Arin liðu — skuggar, ský —
Skín þér sólin enn á ný.
Framtíð brosir, björtum lofar degi. —
"Frjálst er enn í fjalla sal",
frelsi býr í hverjum dal. —
Íslenzk þjóð á endurreisnar vegi.

III.

Tárin öll, sem á tímans braut
titrandi féllu þér í skaut,
geta með guðskrafti sínum
kveðið þér nýjan náðardóm,
ný og lífgandi frelsis blóm
framleitt í fótsporun þínum.

Ísland, þú kæra ættland mitt,
ástar eg naut við brjóstið þitt.
— Ljúft var í heiðdalnum heima.
Blessa þú, faðir, blettinn þann,
Blessa þú hvern er meta kann,
alt sem þar ástættir geima.

Jón G. Hjaltalín.

MINNI VESTURHEIMS.

Önnur lönd með elliðræð sig skreyta,
æva-löngum dauðum kapp-fans,
út í dimma fornöld lýsa og leita
lífsins perlum að og heiðurs-krans.
Þú ert landið þess er dæd vill drýgja,
dýpst og sterkast kveður lífsins brag.
Þú ert land hins þróttarmikla og nýja.
Þú varst aldrei frægri en nú — í dag.

Önnur lönd í kóngadýrd sig dúða,
dýrast meta fagað líf í sal.
Hér er starfið skærara í öllum skróða,
skýrast aðalmerki snót og hal.
Hér er frelsið lífsins ljúft sumna,
líka fólksins öruggasta band.
Allir þeir er frelsi framast unna
fyrst af öllu horfa á þetta land.

Vesturheimur veruleikans álfa,
vonarland hins unga, sterka manns
fyll þú mód og manndáð okkur sjálfa
móti hverjum óvin sannleikans;
lyft oss yfir agg og þrætu-pliki
up í sólriki háfjöll kærleikans.
Vesturheimur, veruleikans ríki,
vonarland hins unga sterka manns.

Einar H. Kvaran.